



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 25. febrúar 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá samantekt úr rekstri samstæðu sveitarfélagsins fyrir árið 2014 með samanburði við fjárhagsáætlun með viðaukum. Einnig lá fyrir fundinum útskrift úr bókhaldi þar sem niðurstöður hvefrrar deildar eru teknar saman. Þá lá fyrir fundinum áætlun um staðgreiðslu 2014 og yfirlit um nokkra þætti úr rekstri til sérstakrar skoðunar og samantekt um fjárfestingar 2014.

Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti í rekstri og kom fram að horfur eru á að rekstur komi verr út en áætlað var. Munar þar mestu að tekjur eru lægri en áætlað var en kostnaður verður jafnframt hærri m.a. vegna aukins launakostnaðar og munar mestu í liðnum fræðslumál.

Málið var til kynningar en sveitarstjóra falið að gera frekari greiningar í samráði við endurskoðanda. Einnig var ítekað að þriggja mánaða yfirlit verði lagðar fram í apríl.

2. Reglur um frístundakort

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum fyrir frístundakort fyrir grunnskólanema. Í reglunum kemur m.a. fram að foreldrar barna með lögheimili á Skagaströnd eiga rétt á 15 þúsund króna styrk, fyrir hvert barn á grunnskólaaldri, sem þátt tekur í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Frístundakortin taka gildi 1. janúar ár hvert og gilda í eitt ár. Skil á gögnum vegna frístundapátttöku síðastliðins árs er í síðasta lagi 31. janúar næsta árs. Sveitarstjórn yfirlit reglurnar en þær voru síðan samþykktar.

3. Snjómokstur á Skagastrandarhöfn

Fyrir fundinum lá samningur milli Skagastrandarhafnar og Sigurbjörns Björgvinssonar um snjómokstur á hafnarsvæðinu.

Sveitarstjórn samþykkti samninginn

4. Fjárhagslegt uppgjör vegna málefna fatlaðra

Fyrir fundinum lá annarsvegar tölvubréf Bergs E. Ágústssonar framkvæmdastjóra SSNV þar sem hann gerir grein fyrir áætlun um endanlega yfirfærslu á fjárhagslegu uppgjör vegna málefna fatlaðra frá SFNV yfir til Róta. Hins vegar lá fyrir fundinum greinargerð frá Kristjáni Jónassyni endurskoðanda frá KPMG. Greinargerðin fjallar m.a.



um uppgjör við sveitarfélög við slit SFNV og þær greiðslur sem verði inntar af hendi vegna málefna fatlaðra.

Tölvubréfið og greinargerðin voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við efni þeirra.

5. Bréf:

a. Til forstjóra Vegagerðarinnar dags. 30. janúar 2015

Með bréfinu óska oddviti og sveitarstjóri Skagastrandar eftir að forstjóri Vegagerðarinnar beiti sér fyrir að endurbygging kafla Skagastrandarvegar frá Norðurlandsvegi að Laxá á Refasveit verði færð fram á 2. tímabil samgönguáætlunar, 2015-2018 en vegarkaflinn er á áætlun 2019-2022. Oddviti greindi frá fundi sem fulltrúar sveitarstjórnar áttu með Hreini Haraldssyni forstjóra Vegagerðarinnar. Samþykkt að senda innanríkisráðherra samhljóða bréf.

b. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 30. janúar 2015

Bréfið er ritað vegna erindis Guðmundar Rúnars Kristjánssonar til innanríkisráðuneytisins dags. 21. desember 2014, sem framsent var til atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins 9. janúar 2015 og barst sveitarfélaginu með bréfi dags. 30. janúar 2015. Í bréfi ráðuneytisins er óskað eftir umsögn með vísan til Stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Meðfylgjandi bréfinu var erindi Guðmundar Rúnars sem óskar eftir að kannað verði hvort brotin hafi verið lög gagnvart jafnræðisrétti íbúanna vegna nýlegrar hitaveituvæðingar. Einnig lá fyrir umsögn sem sveitarstjóri hafði ritað um málið. Bréfin og umsögnin voru til kynningar.

c. Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 12. febrúar 2015

Með bréfinu er styrktarsjóður EBÍ kynntur og greint frá því að aðildarsveitarfélög geti sent eina umsókn í sjóðinn á ári og að umsóknir um styrk til sérstakra framfaraverkefna skuli hafa borist fyrir lok aprílmánaðar. Umræður urðu um möguleg framfaraverkefni sem hægt væri að sækja um styrk til.

d. Hildar Ingólfsdóttur, dags. 12. febrúar 2015

Með bréfinu óskar Hildur eftir áframhaldandi námsleyfi frá starfi skólustjóra, launalaust, fyrir veturinn 2015-2016 þar sem hún hyggist ljúka námi í náms- og starfsráðgjöf. Sveitarstjórn samþykkti erindið.

e. Aabenraa kommune, dags. 18. desember 2014

Með bréfinu lýsir bæjarráð Aabenraa bæjar því yfir að bærinn dragi sig út úr vinabæjakeðju með Växjö í Svíþjóð, Ringerike í Noregi, Lohja í Finnlandi og Skagaströnd. Í bréfinu kemur fram að bæjarráðið hyggist þess í stað efla samstarf sitt með sveitarfélögum á suður Jótlandi og norður Þýskalandi. Bréfið var til kynningar.



f. Johanna Alatalo fh. Lohja, dags. 4. febrúar 2015.

Bréfið er ritað vegna vinabæjamóts 2016 sem hefði átt að vera haldið í Aabenraa. Erindi bréfsins er að láta vita að stefnt sé að því að Lohja bjóði til þess móts. Það verði rætt frekar í bæjarstjórn maí og endanleg ákvörðun tekin í nóvember. Bréfið var til kynningar.

g. Dúa Landmark, dags. 27. janúar 2015

Bréfið er stílað til hafnarstjóra til að óska eftir styrk vegna gerðar heimildarmyndar um sögu vita á Íslandi. Sveitarstjórn samþykkti að veitt verði 50 þús. kr. til verksins verði bókfært á deild 4121.

h. Verkís, fh. Sv. fél. Skagafjarðar, dags. 28. janúar 2015

Bréfið er kynningarbréf vegna aðalskipulags sveitarfélagsins: Gönguskarðsárvirkjun – aðrennslislögn og nýtt stöðvarhús. Bréfið var til kynningar og engar athugasemdir gerðar við efni þess eða erindi.

i. Óbyggðanefndar, dags. 26. janúar 2015

Efni bréfsins varðar úrskurð óbyggðanefndar um eignaréttarlega stöðu lands í sveitarfélaginu Skagaströnd, í máli nr. 1/2013. Úrskurðurinn varðar m.a. þjóðlendur í Skagaheiði sem áður voru almenningar og gerð hafði verið sátt um við óbyggðanefnd. Þar sem úrskurðurinn var samhljóða sátt í málinu þótti ekki ástæða til að gera athugasemdir við hann.

j. Ungmennaráðs UMFÍ, dags. 3. febrúar 2015

Með bréfinu er kynnt ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði 2015“ sem fram fer 25.-27. mars 2015 í Stykkishólmi. Bréfið var til kynningar en ekki talin forsenda til þátttöku á þessu ári.

6. Fundargerðir:

a. Stjórnar Róta bs, 9.01.2015

Fundargerðin var til kynningar

b. Stjórnar Róta bs. 16.02.2015

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 21.01.2015

Fundargerðin var til kynningar.



d. Stjórnar SSNV, 17.02.2015

Fundargerðin var til kynningar

e. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 05.01.2015

Fundargerðin var til kynningar

f. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf. 30.01.2015

Fundargerðin var til kynningar

g. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf. 16.02.2015

Fundargerðin var til kynningar

h. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 13.02.2015

Fundargerðin var til kynningar

i. Skólanefnd FNV, dags. 11.02.2015

Fundargerðin var til kynningar

7. Önnur mál

a) Umræður urðu um aðstöðu til líkamsræktar í íþróttahúsinu.

Halldór lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sveitarstjórn óskar eftir að skólastjórnendur leggi mat á hvort hægt verði að skipuleggja skólastarf með þeim hætti að skólastofa í norðvestur hluta íþróttahúss verði tekin undir aðstöðu til líkamsræktar.

Tillagan var samþykkt.

b) Oddviti óskaði bókað að lögð verði áhersla á að ljúka framkvæmdum við útisturtu á tjaldstæði fyrir ferðamannatímamann.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.05

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson